SKÝRSLA STJÓRNAR OG NEFNDA

2024 -2025

Skýrsla stjórnar og nefnda Skíðasambands Íslands,
lögð fram á Skíðaþingi í Garðabæ 10. og 11. október 2025

Efni skýrslu

Skýrsla stjórnar SKÍ 2024 – 2025 2
Stjórn og nefndir 2
Fundir stjórnar og þátttaka í öðrum fundum og ráðstefnum 3
Skrifstofa sambandsins og starfslið 4
Fræðslu- þróun og útbreiðslumál 5
Íþrótta- og mótamál 6
Hæfileikamótun 8
Hæfileikamótun Alpagreina 8
Afreksmál 13
Mótahald 13
Fræðsla, útbreiðsla og þróun 14
Þróun fjölda iðkenda 14
Lokaorð 15
Skýrslur nefnda 2024-2025 17
Alpagreinanefnd 17
Skíðaganga 21
Snjóbretti 24
Skíðaskotfimi 26

Skýrsla stjórnar SKÍ 2024 – 2025

Stjórn og nefndir

Engar breytingar urðu á stjórn á skíðaþingi sem haldið var á Ísafirði. Því starfaði eftirfarandi stjórn á liðnu ári:

Stjórn

- Bjarni Th. Bjarnason, formaður
- Jón Egill Sveinsson, varaformaður
- Hugrún Elvarsdóttir, ritari
- Gísli Reynisson, gjaldkeri
- Sigurður Sveinn Nikulásson, formaður alpagreinanefndar
- Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar
- Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóbrettanefndar

Varamenn

- Katrín Einarsdóttir
- Hallgrímur Davíð Björnsson
- Jóna Lind Kristjánsdóttir

Stjórn SKÍ skipaði í nefndir á eftirfarandi hátt tímabilið 2023-2025:

Alpagreinanefnd 2023-2025

- Sigurður Sveinn Nikulásson, formaður kjörinn á þingi
- Erla Ásgeirsdóttir
- Kristinn Logi Auðunsson

Skíðagöngunefnd 2023-2025

- Einar Ólafsson, formaður, formaður kjörinn á þingi
- Þorsteinn Hymer
- Hlynur Kristinsson

Rúnar lét af störfum í nefndinni að eigin ósk, Thorsteinn Hymer kom inn í hans stað.

Snjóbrettanefnd 2023-2025

- Aðalsteinn Valdimarsson, formaður, formaður kjörinn á þingi
- Linda Björk Sumarliðadóttir
- Margrét M. Róbertsdóttir

Aganefnd 2023-2025

- Elvar Örn Unnsteinsson, formaður
- Brynhildur Georgsdóttir
- Smári Þorvaldsson

Laga- og reglugerðarnefnd 2023-2025

- Elvar Jónsson, formaður
- Ása Sandholt
- Þórunn Sif Harðardóttir

Skoðunarmenn ársreikninga 2023-2025

- Aðalmenn: Smári Þorvaldsson, Þórunn Sif Harðardóttir
- Til vara: Hrefna Magnúsdóttir, Sigrún Inga Kristinsdóttir

Fundir stjórnar og þátttaka í öðrum fundum og ráðstefnum

Stjórn SKÍ hefur haldið 12 stjórnarfundi frá síðasta Skíðaþingi, ákveðið var að hafa fundi mánaðarlega. Allir fundirnir voru í gegnum fjarfundarbúnað, góð reynsla er komin á það fundarform og það sparar einnig ferðalög og lækkar kostnað við fundarhald. Hefðbundnir fundir í eigin persónu þurfa þó að vera nokkrir á hverju ári. Vinnufundir með stjórnamönnum og nefndarmönnum hafa einnig verið teknir upp til mikillar lukku. Stefnt er að halda vinnufundi jafnt og þétt yfir starfsárið.

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund FIS í Portúgal í vor sem og formannafund ÍSÍ í haust þar sem nýr forseti var kosinn. Stjórn SKÍ óskar Willum Þór Þórsson til hamingju með kjörið og velferðar í nýju starfi. Auk þess fór formaður Skíðagöngunefndar á fund *Scandic Cup* í Riga í Lettlandi. Það er gaman að segja frá því að þetta er í annað skiptið sem Scandic Cup verður haldið á Íslandi, nánar tiltekið á Ísafirði í febrúar 2026. Mótið er gífurlega sterk og hingað munu mæta skíðagöngumenn sem m.a. keppa í heimsbikarnum.

Síðar á árinu sóttu fimm aðilar árlegt haustþing FIS á vegum skíðasambandsins.

Dagmara Gerasimuk sem er yfir þróunarsviði IBU og Tomasz Bernat frá IBU komu til Íslands og heimsóttu m.a. Akureyri, Hólmavík og skoðuðu svæðið í Bláfjöllum. Heimsókn þeirra var liður í að fá fulla aðild að IBU auk þess að fá þau til að hjálpa okkur og kenna okkur að halda skíðaskotfimimót. Þau voru tvo daga á Hólmavík á sama tíma og Strandagangan var og svo

daginn eftir þegar skíðaskotfimimótið var. Það var mikil ánægja með komu þeirra og þeim leist vel á það sem þau sáu. Fyrsta skipti í sögu sambandsins sendum við fjóra fulltrúa í æfingaferð til Lillehammer í Noregi á vegum IBU. Tveir þjálfara voru meðferðis og fengu þeir mikla reynslu út úr ferðinni.

Skrifstofa sambandsins og starfslið

Tveir fastráðnir starfsmenn, framkvæmdastjóri og afreksstjóri sinna sem fyrr daglegum verkefnum á vegum sambandsins. Framkvæmdastjóraskipti áttu sér stað vorið 2025 þegar Jónas Egilsson lét af störfum og Sigurður Hauksson tók við af honum. Skíðasambandið endurnýjaði ráðningarsamning til eins árs við Vegard Karlstrøm landsliðsþjálfara í skíðagöngu. Alpagreinanefnd réð Hauk Þór Bjarnason í sumar sem landsliðsþjálfara í alpagreinum til tveggja ára og sér hann einnig um allt utanumhald liðsins ásamt afreksstjóra SKÍ og Marko Spoljaric aðstoðarlandsliðsþjálfara, en starfssamningur hans var framlengdur um eitt ár. Núna í vor gerði SKÍ samstarfssamning við nýjan landsliðsþjálfara í snjóbrettum, Justin de Graaf. Þetta er í fyrsta skipti í langan tíma sem að snjóbrettalandsliðið er með landsliðsþjálfara og æfir saman undir hans leiðsögn sem lið.

Á liðnu ári hafa talsverðar breytingar á hæfileikamótun átt sér stað. Fjalar Úlfarsson hætti störfum hjá AGN og tók Kristinn Logi við keflinu eftir árangursríkt starf Fjalars síðastliðin fjögur ár. Þorsteinn Hymer sem hefur verið með hæfileikamótunina í skíðagöngu frá upphafi sá sér ekki fært halda áfram eftir fjögur góð ár vegna anna. Ólafur Th. Árnason tók við keflinu í vor. Jökull Elí Borg sem hafði verið með hæfileikamótun í snjóbrettum, flutti erlendis og gat því ekki haldið áfram með hæfileikamótunina en hefur nú snúið aftur í verkefnið. Samræmd ákvæði eru í ráðningarsamningum þeirra sem sjá um hæfileikamótun hjá SKÍ um markmið og undirbúning sinna verkefna. Alls voru 19 einstaklingar sem komu að afreksstarfi sambandsins á síðasta starfsári með einum eða öðrum hætti auk starfsfólks skrifstofu, flestir tímabundið eða í hlutastarfi. Þá eru 10 einstaklingar í fagteymi SKÍ sem leitað er til eftir þörfum, bæði um fræðslu og þjálfun eða endurhæfingu.

Fjalari Úlfarssyni og Þorsteini Hymer eru færðar þakkir fyrir störf þeirra í þágu hreyfingarinnar, jafnframt sem Kristinn Logi Auðunsson og Ólafur Th. Árnason eru boðnir velkomnir til starfa.

Fjármál og rekstur -

Mikil orka hefur farið í að koma rekstri sambandsins í betra horf. Á síðasta ári urðu talsverð umskipti í rekstrinum og jukust rekstrartekjur sambandsins um 33 m.kr. án þess að rekstrarkostnaður sambandsins hafi hækkað. Hagnaður á rekstri sambandsins nam um 15,8 m.kr. á árinu 2024.

Hækkun rekstrartekna skýrist annars vegar af hærra framlagi frá afrekssjóði vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana og viðbótarframlagi ríkisins til afreksstarfs Einnig kom viðbótargreiðslur frá FIS vegna svokallaðs Infronts samnings. Fyrsta greiðslan vegna Infronts samninga kom í lok árs 2024. Um er að ræða þrjár greiðslur sem tengjast sýningar- og auglýsingarrétti FIS móta. Mikil óvissa ríkir um framhald greiðslna eftir að lokagreiðsla, sú þriðja, berst í lok árs 2026. Af þeim sökum er mikilvægt að sambandið haldi vel utan um það viðbótarfjármagn sem þegar hefur borist. Stefna stjórnar er að nýta fjármagnið til framtíðarverkefna innan sambandsins.

Rekstrarkostnaður sambandsins hélst að mestu óbreyttur frá árinu 2023, með um 5 m.kr. lækkun milli ára. Skýrist sú lækkun að mestu leiti að greiðslur til íþróttastarfs voru lækkaðar í áætlun vegna þröngs fjárhags sambandsins og voru ekki hækkaðar þrátt fyrir aukið fjármagn hafi komið inn í sambandið á árinu.

Með auknum tekjum var lán gert upp sem tekið var fyrr á árinu . Lánið var tekið vegna útistandandi skulda vegna æfinga og keppni erlendis.

Launakostnaður við rekstur skrifstofu var sambærilegur við fyrri ár.

Samstarfssamningar voru endurnýjaðir sem og bættir á árinu við Sjóklæðagerðina (66°Norður) og Everest um fatnað fyrir okkar landsliðs- og afrekshópa. Þessi fyrirtæki munu einnig útvega þátttakendum okkar fatnað á Ólympíuleikunum. SKÍ er með samstarfssamning við Bílaleigu Akureyrar (Höld) og fær góð kjör á bílaleigubílum.

Fræðslu- þróun og útbreiðslumál

Íþróttastefna SKÍ er komin til ára sinna og var lagt til tillaga árið 2023 að hún verði endurskoðuð. Sú vinna er enn í gangi. Grasrótarstarf er mikilvægt fyrir þróun og vöxt hreyfingarinnar og hefur hæfileikamótunarverkefnið gengið vel. Met-skráning var í verkefnið

á liðnu ári, og hefur stjórn sambandsins lagt fram tillögur til að efla starfið enn frekar, auk tillögu um skipun vinnuhóps fyrir komandi ár.

1. Hæfileikamótun: Vinnuhópar setji fram hæfileikamótunaráætlun fyrir allar keppnisgreinar innan SKÍ. Vinnuhópar skulu styðjast við og taka mið af nýjustu leiðbeiningum og upplýsingum sem til eru en vinnuhópar koma sér saman um það efni sem á að rúmast innan slíkrar áætlunar. Markmiðið er að afurð vinnuhópanna nýtist sem best fyrir keppnisgreinar innan SKÍ.
2. Aðstöðumál: Vinnuhópur geri heildarúttekt á aðstöðumálum til æfinga í öllum keppnisgreinum innan SKÍ. Vinnan taki mið af og hafi til hliðsjónar skýrslu Fannars Gíslasonar sem leit dagsins ljós í upphafi árs 2025. Að öðru leyti mótar vinnuhópurinn sjálfur hvernig úttektin verður uppbyggð. Markmiðið er að afurð vinnuhópsins eigi erindi til bæjarfélaga sem reka skíðasvæði, til skíðafélaga, til ÍSÍ og til ráðherra menntamála ásamt öðrum aðilum sem málinu geta tengst s.s. ferðaþjónusta ofl..

Íþrótta- og mótamál

Viðburðir ársins

Stærstu viðburðir ársins 2025 voru heimsmeistaramót fullorðinna í alpagreinum, heimsmeistaramót fullorðinna í skíðagöngu, heimsmeistaramót unglinga í skíðagöngu, heimsmeistaramót unglinga í alpagreinum og EYOF.

SKÍ átti fimm keppendur á heimsmeistaramóti fullorðinna í alpagreinum sem haldið var í Saalbach í Austurríki í febrúar. Keppendur voru: Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, Gauti Guðmundsson, Jón Erik Sigurðsson, Tobias Hansen og Sturla Snær Snorrason.

Á heimsmeistaramóti fullorðinna í Þrándheimi í Noregi, sem fram fór í febrúar og mars, átti SKÍ einnig fimm keppendur: Dag Benediktsson, Kristrúnu Guðnadóttur, Fróða Hymer, Ástmar Helga Kristinsson og Einar Árna Gíslason.

Á heimsmeistaramóti unglinga í alpagreinum sem haldið var í Tarvisio á Ítalíu í mars, átti SKÍ fjóra keppendur: Bjarna Þór Hauksson, Jón Erik Sigurðsson, Pétur Reidar Pétursson og Sonju Li Kristinsdóttur.

Á heimsmeistaramóti unglinga í skíðagöngu, sem fram fór í Schilpario á Ítalíu í febrúar, átti SKÍ þrjá keppendur: Fróða Hymer, Ástmar Helga Kristinsson og Grétar Smára Samúelsson.

Að auki átti SKÍ 15 keppendur á Ólympíuhátíð Evrópu æskunnar (EYOF):

8 keppendur í alpagreinum,

6 keppendur í skíðagöngu,

1 keppanda í snjóbrettum.

Árgangur á helstu stórmótum

Alpagreinar – HM fullorðinna í Saalbach

- **Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir**, A-landsliðskona, skilaði frábærum árangri á mótinu og endaði í 29. sæti í bruni.
- **Jón Erik Sigurðsson** stóð sig vel í undankeppni HM, með 19. sæti í stórsvigi og 24. sæti í svigi og komst þar af leiðandi í aðalkeppnina í bæði svigi og stórsvigi.
- **Tobias Hansen** endaði í 20. sæti í undankeppni HM í stórsvigi og keppti því í aðalkeppninni í stórsvigi.

Skíðaganga – HM fullorðinna í Þrándheimi

- **Dagur Benediktsson** keppti í fimm greinum og náði best 53. sæti í 10 km klassískri og 50 km frjálsri göngu.
- **Ástmar Helgi Kristinsson** komst í 6. sæti í undankeppni og náði 22. sæti í liðasprett með Degi.
- **Fróði Hymer**, **Einar Árni Gíslason** og **Kristrún Guðnadóttir** tóku þátt í sprettgöngu og 10 km klassískri göngu.

Skíðaganga – HM unglinga á Ítalíu

- **Fróði Hymer** náði besta árangri Íslendings frá upphafi á HM unglinga:
    - 26. sæti í 10 km frjálsri göngu
    - 32. sæti í 20 km klassískri göngu
- **Ástmar Helgi Kristinsson** og **Grétar Smári Samúelsson** tóku einnig þátt og náðu ágætis árangri.

Alpagreinar – HM unglinga í Tarvisio

- **Jón Erik Sigurðsson** náði 22. sæti í svigi og var með 7. besta tímann í seinni ferð – besti árangur Íslendings í yfir 25 ár.
- **Bjarni Þór Hauksson** náði 36. sæti í stórsvigi.
- **Sonja Lí Kristinsdóttir** og **Pétur Reidar Pétursson** tóku einnig þátt.

Snjóbretti – Evrópubikar

- **Vildís Edwinsdóttir** náði frábærum árangri:
    - 5. sæti í rail event í Font Romeu
    - 11.–19. sæti í slopestyle á þremur mótum
- **Arnór Dagur Þóroddsson** og **Anna Kamilla Hlynsdóttir** kepptu á fjölda móta og náðu fínum árangri.

Skíðafimi – Evrópubikar

- **Jónar Sebastían Giljan Grímsson** náði 29. sæti í slopestyle í Trysil og er í **9. sæti á heimslista** í sínum árgangi í slopestyle og **12. sæti í big air**.

Landsliðsfólk okkar í alpagreinum tók þátt í yfir 40 alþjóðlegum mótum hvert og hlaut fjölda verðlauna, gull-, silfur- og bronsverðlaun.

Landsliðsfólk okkar í skíðagöngu keppti á yfir 30 mótum á síðasta tímabili og flest náðu að bæta stöðu sína verulega á heimslista.

Landsliðsfólk okkar í snjóbrettum tryggði sér verðlaunasæti á nokkrum mótum, þrátt fyrir að hafa tekið þátt í færri keppnum erlendis. Anna Kamilla, Vildís og Arnór Dagur hafa öll unnið sér inn þátttökurétt í heimsbikarmótum fyrir komandi tímabil.

Hólmfríður Dóra gerði sér lítið fyrir á dögunum og vann samanlagðan Suður- Ameríkubikarinn í bruni og risa-svigi. Stjórn sambandsins óskar Hólfríði Dóru innilega til hamingju með árangurinn, þetta gott veganesti inn í komandi tímabil.

Hæfileikamótun

Verkefni hæfileikamótunnar eru æfingabúðir innanlands og æfingaferð erlendis. Þetta er fyrsta þrepið í að móta skíðafólk framtíðarinnar og gera þau klár fyrir þátttöku í afrekshóp og síðarmeir landsliði. Markmið samæfinganna er að skapa jákvætt og skemmtilegt umhverfi fyrir alla iðkendur sem og efla og styðja við starf félaganna. Auk þess að efla tengsl iðkenda landshluta á milli og þannig styrkja samheldnina i þessum aldurshóp. Reynslan hefur sýnt að í verkefnum hæfileikamótunar hefur nýr vinskapur myndast iðkenda á milli.

Hæfileikamótun gengur vel í öllum greinum, og er sambandið með metnaðarfullt starf fyrir yngri iðkendur hreyfingarinnar. Í hverri grein, þ.e. alpagreinum, skíðagöngu og snjóbrettum, starfar einn þjálfari sem sér um skipulag og æfingar.

Í hverri grein er haldin þrekæfingabúð á Íslandi, ferð erlendis að hausti til á snjó hvort sem það er á jökli, í skíðahúsi eða á svæði þar sem snjór hefur verið geymdur frá fyrra tímabili. Að auki er ein æfing haldin á Íslandi á snjó á hverju tímabili fyrir alpagreinar og snjóbretti.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst afar vel. Í alpagreinum mæta um 30-40 iðkendur í hvert verkefni, í skíðagöngu 15–20 og í snjóbretti 15–30. Allir iðkendur á ákveðnum aldri fá boð um þátttöku, og ánægja með kerfið er mikil. Verkefnið hefur verið í þróun hjá sambandinu síðastliðin fjögur ár og er met skráning hjá bæði alpagreinum og snjóbrettum í ár með yfir 30 iðkendum í hvorri grein sem leggur leið sína á Stubai jökul í lok október.

Hæfileikamótun er lykilþáttur í starfi SKÍ og gegnir mikilvægu hlutverki við að þróa nýja íþróttamenn fyrir framtíð landsliðsins.

Hæfileikamótun Alpagreina

Verkefni hæfileikamótunar í alpagreinum fyrir tímabilið 2024-2025 hófst með þrekæfingahelgi á Ísafirði í byrjun september. Gist var á heimavistinni á Ísafirði og sáu

foreldrar hjá Skíðafélagi Ísfirðinga um allan mat og annað sem þurfti til að halda út skemmtilegri helgi, bera þakka þeim fyrir sýna vinnu. Fjalar Úlfarsson þjálfarar hæfileikamótunar sáu um framkvæmdina ásamt aðstoðarfólki, Gísli Guðmundsson kom frá Reykjavík og einnig tók Rannveig Hjaltadóttir þjálfari Ísfirðinga þátt. Tekið var Ironman test ásamt öðrum æfingum en einnig var fræðsla/fyrirlestur um næringu fyrir krakkana. Mættir voru 18 krakkar frá öllu landinu.

Farin var æfingaferð í SNØ í október og gekk sú ferð vel, þar ákváðum við að gera smá breytingu og skiptum upp hópnum byrjuðum á að vera með eldri krakkana U18 í eina viku og U16 í eina viku. Fjalar Úlfarsson var þjálfari og sá um framkvæmdina báðar vikurnar. En fyrri vikuna voru Egill Ingi Jónsson og Guðmundur Sigurjónsson einnig þjálfarar og farastjóri var Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri SKÍ. Seinni vikuna voru Kristinn Magnússon, Georg Fannar Þórðarson þjálfarar ástamt Fjalari og Gréta Huld Mellado var farastjóri. Þátttakendur voru samtals 40 þessar tvær vikur sem er met þátttaka í verkefni erlendis eftir að hæfileikamótun byrjaði. Skíðadagar í ferðinni voru 6 og var æft 2 x 2,5 tíma á dag og einnig voru þrekæfingar seinni part dags.

Í byrjun desember var haldin skíðaæfing í Hlíðarfjalli. Þjálfarar voru Fjalar Úlfarsson, Kristinn Magnússon, Harpa Rut Heimisdóttir og Jón Óskar Andrésson ásamt öflugum foreldrum frá Skíðafélagi Akureyrar. Æfingar gengu ágætlega þrátt fyrir mjög lítinn snjó og þurfti að grípa í plan B og færa okkur í íþróttahús seinnipartinn á laugardeginum. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður þá náðu iðkendur að skíða töluvert frjálst ásamt því að einhverjir fóru í stubba.. Mættir voru 25 krakkar af öllu landinu.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) fóru fram í Georgíu í febrúar og sendum við átta keppendur. Aníta Mist Fjalarsdóttir, Erla Karitas Gunnlaugsdóttir, Kristín Sædís Sigurðardóttir, Sara Mjöll Jóhannsdóttir, Andri Kári Unnarsson, Arnór Arnórsson, Eyvindur Waren og Ólafur Kristinn Sveinsson kepptu öll í svigi og stórsvigi. Einnig tóku Erla, Sara, Andri og Arnór þátt í samhliða-stórsvigi liða. Hópurinn fór út aðeins fyrr til að ná góðum æfingum sem var raunin en heilt yfir var árangurinn undir því sem vonast var eftir en fengu þau dýrmæta reynslu inn í framtíðina. Þjálfarar í ferðinni voru Fjalar Úlfarsson og Egill Ingi Jónsson og þeim til aðstoðar voru Helga Björk Árnadóttir og Erla Ásgeirsdóttir sem einnig var sjúkraþjálfari. Farastjórar frá ÍSÍ voru Brynja Guðjónsdóttir og Margrét Regína Grétarsdóttir.

Ekki voru fleiri verkefni þetta tímabilið, snjór um vorið var afar lítill og aðstæður erfiðar eins og allan veturinn. Fjalar þakkar fyrir sig um leið og hann segir að það hafi verið frábært að fá að vinna með þessum krökkum og að skíðakrakkar séu þau duglegustu í heimi og geta allt sem þau ætla sér.

Hæfileikamótun – Skíðaganga

Hæfileikamótunar verkefnið vinnur að því að skapa jákvætt og hvetjandi umhverfi auk þess sem við reynum eftir fremsta megni að tengja þennan hóp við afrekshóp og landslið. Með þessu móti fá bíðendurnir að reyna sig á æfingum með þeim bestu á Íslandi. Vonandi upplifa þau að það sé hægt að komast á það stig að þau geti tekið þátt í þeim verkefnum.

Meginmarkmið samæfinganna er:

- Byggja upp góða æfingamenningu
- Eftirfylgni með reglulegum þrekprófum
- Efla þátttakendur til að taka aukna ábyrgð á eigin æfingum
- Byggja upp sjálfstætt og öruggt íþróttafólk
- Ýmis fræðsla sem tengist íþróttinni, t.d. um æfingar, tækni, mataræði o.fl.

Tímabilið 2024-2025 var fjórða tímabil hæfileikamótunar. Fyrsta samæfingin var haldin í Reykjavík í júní í samstarfi við skíðagöngufélagið Ull þar sem Ólafur Th. Árnason var með sem þjálfari. Síðari samæfingin var haldin á Ísafirði í samstarfi við Skíðafélag Ísfirðinga, þessi samæfing var samtímis sem landslið og afrekshópur voru við æfingar á Ísafirði. Þannig fengu iðkendur hæfileikamótunar tækifæri til að æfa með eldri iðkendum. Nokkuð sem gaf þeim góða reynslu og mjög skemmtilegt að fá að æfa með svona stórum hópi. Í byrjun nóvember var svo farið í æfingaferð til Sjusjøen í Noregi með um 20 manna hóp. Í þeirri ferð voru með okkur þau Guðmunda Elíasdóttir fararstjóri og Ólafur Th. Árnason þjálfari. Ferðin tókst í alla staði mjög vel, en þó ber að í huga fyrir framtíðina hvort það sé skynsamlegt að fara svona snemma á tímabilinu. Snjóalög voru með minnsta móti og af þeim sökum fóru allar æfingar fram á gervisnjó í brautunum við Natrudstilen.

SKÍ átti sex keppendur í skíðagöngu á EYOF. Þar af tvo úr hópi hæfileikamótunar og fjórir úr afrekshópi.
Keppnin fór fram í mikilli hæð sem hafði töluverð áhrif á okkar keppendur, enda þau alveg

óreynd í keppni í þessari hæð. Engu að síður var árangur þeirra með ágætum þó svo að þau hafi ekki öll náð topp göngum. Þetta var langt og kostnaðarsamt ferðalag fyrir okkar fólk.

Vegna anna í öðrum skíðatengdum verkefnum hjá Þorsteini í Noregi þá var þetta tímabil hans síðasta, í bili, með hæfileikamótun. Honum langar að þakka SKÍ, aðildarfélögum, iðkendum og foreldrum fyrir frábært samstarf á síðastliðnum árum og óskar ykkur alls hins besta.

Hæfileikamótun í skíðagöngu er í góðum höndum hjá honum Ólafi Th. Árnasyni sem tók við sem þjálfari hópsins.

Hæfileikamótun Snjóbretti

Verkefni hæfileikamótunar voru fjögur á tímabilinu, og hefur virkni og þátttaka í hæfileikamótun og grasrótarstarfi í snjóbrettum innan SKÍ aldrei verið meiri.
Tímabilið einkenndist af metnaði, fjölbreyttum verkefnum og vaxandi áhuga iðkenda.

Tímabilið hófst með æfingahelgi hjá BFH sem Jökull Elí Borg og Oddur Vilberg Sigurðsson sáu um. Alls mættu 11 iðkendur á þessa fjölbreyttu og krefjandi helgi.

Dagskráin var metnaðarfull og samanstóð af bæði inni- og útiæfingum.
Æft var í fimleikasal, þar sem æft var á trampólíni og unnið með jafnvægis- og líkamsstjórn, auk þess sem farið var í World Class þar sem iðkendur fengu leiðsögn í réttum lyftingartækni og meiðslafyrirbyggjandi æfingum.
Einnig voru útihlaup hluti af dagskránni og að lokum var farið í rail-æfingu í Ártúnsbrekku, þar sem notaður var snjór úr Skautahöllinni.

Helgin tókst afar vel, stemningin var frábær og þátttakendur sýndu mikinn áhuga, dugnað og jákvæðni.

Í lok október var farið í æfingaferð til Stubai í Austurríki með 18 iðkendur. Jökull Elín Borg, Oddur Vilberg Sigurðsson og Margrét Róbertsdóttir fóru sem þjálfarar.
Æfingarnar gengu vel og voru aðstæður mjög góðar sem gaf hópnum dýrmæta reynslu og góðan grunn fyrir veturinn. Lögð var áhersla á tæknilega færni, skapandi æfingar og samheldni hópsins, og voru greinilegar framfarir hjá iðkendum sem sýndu mikinn metnað og elju.

Í janúar fór fram æfingahelgi á Dalvík þar sem lögð var áhersla á fjölbreyttar æfingar og samvinnu hópsins. Oddur Vilberg sá um skipulag og þjálfun ásamt Sindra Benedikt og Viktori frá Dalvík. Helgin tókst einstaklega vel og einkenndist af frábærri stemningu, góðri þátttöku og góðri þjálfun.
Þátttaka í verkefnum Hæfileikamótun snjóbretta fer sífellt vaxandi og virðist áhuginn hjá iðkendum vera að aukast. Markmið starfseminnar er að auka skilning og getu iðkenda á íþróttinni og skapa góðan grunn fyrir framtíðar kynslóðir. Með þessu framhaldi er okkar íþróttafólk að fá þau verkfæri sem þau þurfa til þess að stefna á atvinnumennsku og komast í landslið.

Afreksmál

Stjórn sambandsins valdi Matthías Kristinsson og Anna Kamilla Hlynsdóttir sem skíða- og brettafólk ársins 2024 og hlutu þau viðurkenningu sem slík að hálfu ÍSÍ. Nánari upplýsingar um einstakar greinar er að finna í skýrslum formanna nefnda sem þeir gera nánar grein fyrir.

Mótahald

Mótatöflur fyrir 2024 – 2025 voru birtar síðast liðið haust venju samkvæmt og gekk mótahald hjá okkur á liðnu ári að langmestu leyti vel fyrir sig þrátt fyrir snjóleysi víða á landinu. Flest

mót á dagskrá SKÍ voru haldin samkvæmt áætlun og tókst að halda öll mót nema eitt, sem gerði útreikning bikarstiga einfaldan og í samræmi við reglur sambandsins.

Í alpagreinum var gerð tilraun til að halda svigmót í Bláfjöllum í desember, með það að markmiði að gefa nýjum FIS keppendum tækifæri til að fá FIS stig snemma að vetri. Þó veðuraðstæður hafi ekki leyft framkvæmd mótanna, er þetta hugmynd sem vert er að þróa áfram.

Í skíðagöngu reyndist snjóleysi víða hamlandi, öll bikarmótin voru haldin á Ísafirði þar sem aðstæður voru bestar. Skíðamót Íslands fór fram á Akureyri og tókst afar vel.

Í snjóbrettum voru sex FIS mót á dagskrá, þrjú í risastökki og þrjú í brettafimi og tókst að halda þau öll, sem er veruleg bæting frá fyrri árum. Skíðafélag Akureyrar hélt tvö mót og stóð sig frábærlega, sérstaklega með glæsilegt Snjóbrettamót Íslands í Hlíðarfjalli. BFH hélt einnig mót í Bláfjöllum, sem var aðlagað að aðstæðum og breytt í rails-mót sem er ný keppnisgrein innan FIS sem hentar vel íslenskum aðstæðum.

Þrátt fyrir áskoranir sýndi skíðasamfélagið mikinn sveigjanleika og samheldni. Viðbragðstími við breytingum var stuttur og samstarf milli félaga og greina til fyrirmyndar.

Fræðsla, útbreiðsla og þróun

Þróun fjölda iðkenda

Að meðaltali eru um 1.435 skráðir iðkendur í skíða- og snjóbrettaíþróttir á ári frá 2010 til ársins 2024. Nokkrar sveiflur eru árlega í fjölda iðkenda innan hreyfingarinnar. Flestir voru skráðir árið 2017 eða 1.608, en fæstir árið 2015 eða 1.256. Ætla verður að veðurfar og aðstæður til æfinga og keppni hafi talsverð áhrif á fjölda iðkenda sem og Covid-19.

Skv. mati á iðkendafjölda einstakra greina virðist sem iðkendum alpagreina hafi fækkað talsvert frá árinu 2015 til 2023 en rís á ný 2024 með 96 nýskráðum iðkendum, en öðrum iðkendum fjölgaði þar með talið í félögum í þeim skíðafélögum sem stunda fleiri en eina grein.

Það er sambandinu mjög mikilvægt að fylgjast með þróun hreyfingarinnar á grundvelli þeirra greina sem stundaðar eru og keppt er í hjá hverri aðildarþjóð.



Lokaorð

Alþjóðasamskipti SKÍ hafa verið í föstum skorðum síðustu 15-20 árin og hefur SKÍ og fulltrúar SKÍ tekið þátt í helstu fundum á alþjóðavettvangi. Það er mikilvægt að rödd Íslands sem smáþjóðar heyrist og eru slíkir fundir einnig kærkomið tækifæri fyrir fulltrúa fagnefnda SKÍ til að fylgjast glöggt með straumum og stefnu úti í hinum stóra heimi. Fjöldi fagfunda er haldinn á slíkum samkomum og mæta þar helstu fagmenn í öllum greinum og bera saman bækur sínar og treysta tengslin sín á milli.

Fyrir ári síðan, á Skíðaþinginu á Ísafirði, sagði ég frá því að FIS hafi náð samningum við INFRONT, markaðs- og sjónvarpsréttarfyrirtækið um verulegar greiðslur sem áður höfðu farið til stóru þjóðanna sem halda WC og HM. Með þeim samningi fékk SKÍ greiddar aukalega um 20 milljónir Ikr. nokkrum dögum eftir þingið í fyrra. Samkvæmt samningi fær SKÍ greidda sömu aukaupphæð á næstu dögum og svo aftur á næsta ári.

Við erum að sjá ný blóm blómstra sem eiga eftir að sýna sig á næstu árum. Skíðahreyfingin er sterk og það mun sjást á næstu árum þegar okkar besta fólk verður á stærstu leikum sem framundan eru. Skíðahreyfingin verður ætíð að láta vita af sér og sínu afreksfólki, það er verðugt verkefni framundan. Við Íslendingar eigum svo mikið af frábæru afreksfólki á skíðum eða brettum sem eftir er tekið um allan heim.

Á heimsmeistaramótinu í alpagreinum í Saalbach/Hinterglemm í febrúar 2025 upplifðum við Íslendingar og okkar keppnisfólk mikinn meðbyr með okkar áherslum.

Nýjar áherslur koma með nýju fólki og nýjum vindum varðandi þjálfun og framþróun. Með markvissri sýn á barna- og unglingastarf getur SKÍ náð langt með góðu samstarfi við rekendur skíðasvæða.

Samstarf og samspil SKÍ, skíðafélaga og stjórnenda skíðasvæða á Íslandi má aldrei bresta. Best væri ef allir skíðaklúbbar/félög á Íslandi gerðu samning við öll skíðasvæðin/staðina, um að efla skíðaíþróttina með samningi á einn eða annan hátt. Félögin/klúbbarnir byðu skíðasvæðunum upp á sína þjónustu. Þjónustan væri fólgin í því að skíðafélögin/skíðaklúbbarnir myndu bjóða upp á skíðakennslu til byrjenda eða hvað sem er. Í staðinn fengju skíðafélögin hlutdeild í sinn vasa af lyftumiðum.

Svona samstarf myndi auka og viðhalda fólki sem vill stunda skíði, hvort sem er til heilsubótar, ánægju eða keppni. Þessi skipan mála gæti virkað bæði fyrir alpagreinar jafnt sem göngu og snjóbretti og yrði dágóð fjáröflun fyrir skíðafélögin.

Á síðustu árum hefur skíðaíþróttin á alþjóðavísu verið að breytast á margan hátt. Það eru miklar kröfur um að öryggi sé gætt í hvívetna og því miður höfum við orðið vitni af mörgum slysum.

Við þurfum líka að spyrja okkur að því hvort það sé ekki óhjákvæmilegur hluti íþróttarinnar að einhverjir slasist. Það kann vel að vera að svo sé. Hins vegar verður SKÍ ávallt að huga að öryggi okkar fólks í brekkunum, hvort sem er við æfingar eða keppni. Í því sambandi er verkefni fyrir skíðahreyfinguna að huga að tryggingamálum fyrir okkar keppnisfólk og sérstaklega þá við keppni á erlendri grundu.

SKÍ má alls ekki slaka á samskiptum sýnum við FIS og IBU. Fyrir framtíðina er lykilatriði að eiga góð og heiðarleg samskipti við þessi lykilsambönd sem eru viljug til að efla skíðaíþróttina á Íslandi. Það er ekki sama hvernig þeim samskiptum er háttað og þurfa forsvarsmenn SKÍ að vanda samskipti og skeytasendingar. Íslenska skíðahreyfingin á fullt inni hjá IBU, ef rétt er unnið, og með eflingu skíðaskotfimi á Íslandi eru miklir möguleikar til að byggja upp skemmtilega og góða íþrótt sem gæti jafnvel orðið sjónvarpsefni og tekjulind.

F.h. stjórnar SKÍ,

Bjarni Th. Bjarnason formaður.

.

Skýrslur nefnda 2024-2025

Alpagreinanefnd

Í nefndinni:

- Sigurður Sveinn Nikulásson – formaður
- Kristinn Logi Auðunsson
- Erla Ásgeirsdóttir

Landsliðsþjálfarar

- Haukur Þór Bjarnason
- Marko Spoljaric

Starf nefndarinnar

Alpagreinanefnd starfar samkvæmt samþykktri starfsáætlun og heldur reglulega fundi í samræmi við hana. Nefndin fundar jafnframt reglulega með afrekstjóra og framkvæmdarstjóra, en á milli funda með þeim hittast nefndarmenn einnig sérstaklega.

Helstu verkefni 2024/2025

Stærsta verkefni nefndarinnar á árinu 2024 var stofnun nýs landsliðs og ráðning landsliðsþjálfara. Að auki unnu nefndarmenn að:

- Gerð fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár.
- Vali í landslið Íslands í alpagreinum.
- Innleiðingu nýrrar stefnu í hæfileikamótun.
- Ráðningu þjálfara fyrir hæfileikamótun.
- Aukinni fagmennsku og aðahald í peningamálum.
- Barist fyrir aðstöðu málum í Bláfjöllum ,Skálafelli og skíðhúsi.
- IceGirls verkefnið í undirbúning.

Landsliðið og árangur

Nýr landsliðsþjálfari, Marko Spojlaric, náði frábærum árangri með liðið á fyrsta starfsári sínu. Landsliðið bjó í fimm mánuði í Val di Fassa á Ítalíu þar sem æfinga- og keppnisaðstæður voru hinar bestu.

Landsliðsmenn 2024–2025:

- Bjarni Þór Haukson
- Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir
- Jón Erik Sigurðsson
- Matthias Kristinsson

- Tobias Hansen
- Gauti Guðmundsson
- Vorið 2025 bættist svo Pétur Reitar Pétursson inn í landsliðið

Allir þessir keppendur bættu árangur sinn verulega og lækkuðu sæti á heimslista. Þau tóku þátt í yfir 40 mótum víðs vegar um Evrópu síðasta vetur og sýndu miklar framfarir og náðu góðum árangri.
Sérstaklega má nefna að allir í A-landsliði karla náðu undir 30 FIS-punkta í að minnsta kosti einni grein, sem er eftirtektarvert.

Alþjóðlegar keppnir

Á árinu tók íslenskt alpagreinafólk þátt í fjölmörgum mótum með glæsilegum árangri:

- SKí átti fimm keppendur á HM fullorðinna í Saalbach í Austurríki.
    - Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir
    - Gauti Guðmundsson
    - Jón Erik Sigurðsson
    - Tobias Hansen
    - Sturla Snær Snorrason
- þau voru Gauti, Stulli, Jón, Tobias og Hófí, tveir komust upp úr forkeppnini í báðum greinum upp í aðalkeppnina á stóra sviðið, sem undirstrikar hversu sterkt landslið við erum með. Til að útskýra aðeins betur hversu stórt það er að komast upp í aðalkeppnina enn þá keppirðu í forkeppni með við 150 keppendur frá 84 löndum, öll löndin að senda sitt besta fólk til að reyna að komast upp í aðalkeppnina, enn aðeins topp 25 komast áfram upp og náðu Jón Erik, Stulli og Tóbías upp í aðalkeppnina sem er framúrskarandi árangur við áttum því tvo Íslendinga í svigi Jón og Stulla og 2 í stórsvigi Tobias og Jón..
- 4 keppendur kepptu á HM unglinga í Tarvisio á Ítalíu – þar náðist næst besti árangur Íslands frá upphafi á slíku móti. Enn keppendur voru Bjarni, Jón Erik , Pétur og Sonja
- 8 keppendur tóku þátt í EYOF (European Youth Olympic Festival)
    - Aníta Mist Fjalarsdóttir - SKA
    - Erla Karítas Gunnlaugsdóttir Blöndalh - Ármann
    - Kristín Sædís Sigurðardóttir - Ármann
    - Sara Mjöll Jóhannsdóttir - Ármann
    - Andri Kári Unnarsson - Ármann
    - Arnór Alex Arnórsson - KR
    - Eyvindur H. Warén - ÚÍA
    - Ólafur Kristinn Sveinsson – SKA

Þátttaka á þessum mótum veitti keppendum ómetanlega reynslu og sýndi að íslenskt alpagreinafólk er samkeppnishæft á alþjóðavísu þó vissulega hafi árangur á EYOF verið undir væntingum.

Nýr yfirþjálfari

Vorið 2025 réð nefndin Hauk Þór Bjarnason sem yfirþjálfara. Hann hefur búið í Noregi í um 25 ár og býr yfir mikilli reynslu og þekkingu sem nýtist landsliðinu afar vel.

Alpagreinar á Íslandi

Erlendir keppendur tóu þátt í Skíðamóti Íslands sem fram fór í Oddskarði og undirstrikar það að SMÍ í alpagreinum er orðið spennandi mót fyrir alþjóðlega keppendur.
Ironman testið, sem tekið er upp eftir norskri fyrirmynd, hefur fest sig í sessi og reynst mikilvægur mælikvarði á styrk og þol íþróttafólksins.

Hæfileikamótun

Verkefnið í hæfileikamótun gengur afar vel og þátttaka ungra og efnilegra iðkenda hefur verið mjög góð.
Á árinu fóru fram:

- Æfingar í innanhússkíðahúsi í Noregi (SNÖ).
- Þrekhelgi á Ísafirði.
- Æfingabúðir á snjó á Akureyri.

Fjalar Úlfarsson lét af störfum sem þjálfari og fyrirliði hæfileikamótunar og í hans stað var ráðinn Kristinn Logi Auðunsson, sem hefur tekið við verkefninu af krafti.
Framundan er ein stærsta hæfileikamótunarferð sem hefur verið farið í enn 40 krakkar eru að fara á Stubai jökulinn til að æfa í 9 daga í lok október.

Fræðslumál

Áform voru um að halda þjálfaranámskeið 2, en vegna erfiðleika við að finna hentugar dagsetningar varð ekki af því veturinn 2024/2025. Stefnt er að því að endurupptaka námskeiðið veturinn 2025/2026. Planið er því að halda bæði þjálfari 1 og 2 í vetur.

Mót innanlands

Mótaveturinn 2024/2025 gekk vonum framar. Tvö svigmót voru sett á dagskrá í desember í Bláfjöllum, í þeirri von að nýtt snjóframleiðslukerfi yrði komið í fullan rekstur og að veðurguðirnir yrðu okkur hliðhollir. Hvorugt gekk þó eftir, en þetta var engu að síður góð tilraun til að bjóða upp á mót snemma vetrar. Markmiðið var meðal annars að gefa nýjum FIS keppendum tækifæri til að komast á FIS listann, þar sem landsliðskrakkarnir eru oftast heima þegar nær dregur jólum. Þetta hefði því verið kjörið tækifæri fyrir nýliða til að bæta punkta sína og vinna sér inn fyrstu FIS stig sín. Þetta er góð hugmynd sem vert er að skoða áfram og hvort rétt sé að halda desembermót í framtíðinni.

Einhverjum mótum þurfti að fresta eða færa til, en þegar upp var staðið náðum við að halda öll mót nema eitt. Það var því ekkert vandamál að reikna út bikarstig, þar sem haldinn var réttur fjöldi móta samkvæmt reglum Skí.

Agn vill þakka skíðahreyfingunni að bregðast alltaf vel við með breytingar og tilfærslur, það er algerlega ómetanlegt hvað það er stuttur viðbragðstími hjá hreyfingunni miða við aðstæður.

Fjármál

Mikill árangur hefur náðst í fjármálastjórn Skíðasambands Íslands. Fjármunum er nú ráðstafað markvissar en áður til afrekstarfs, sem hefur skilað sér í aukinni fagmennsku og betri árangri.

Framtíðarsýn

Alpagreinalandsliðið er á hraðri uppleið og það er spennandi að fylgjast með framþróun þess undir leiðsögn frábærra þjálfara Hauks og Marko.
Við höfum tryggt liðinu aðstöðu í stórt hús í Pitztal í Austurríki til eins árs, sem mun nýtast vel fyrir æfingar og undirbúning.
Framundan er stofnun kvennalandsliðs. Nokkrar efnilegar stúlkur eru að banka á dyrnar og hafa raunhæfa möguleika á að ná lágmörkum á næstu árum. Alpagreinanefnd mun styðja við það með aukaverkefnum og markvissri hæfileikamótun.

Undirritaður fyrir hönd alpagreinanefndar
Siggi Nikk, Erla og Kristinn Logi

Skíðaganga

Skipun nefndar

- Einar Ólafsson – formaður
- Hlynur Kristinsson
- Þorsteinn Hymer

Landsliðsþjálfari

Vegard Karlström

Landslið

Það voru haldnar fimm samæfingar með landsliðinu. Þær voru í Reykjavík, Ísafirði, Þrándheimi, Ósló og Muonio. Allt okkar landsliðsfólk tók þátt ásamt því að afrekshópnum var boðið að taka þátt í nokkrum þeirra. Ferðin til Muonio er orðin árleg ferð þar sem aðstæður eru með því besta sem finnst svona snemma á tímabilinu. Það er um leið fyrsta keppnishelgin hjá landsliðsfólkinu okkar.
Landsliðið keppti aðallega á mótum í Noregi og Svíþjóð síðastliðinn vetur og náðu þau öll að bæta sinn fyrri árangur. Kristrún sem byraði tímabilið vel en slasaðist svo og var lítið með allan síðasta vetur að undanskildu HM í Þrándheimi og á SMÍ á Akureyri.

Afrekshópur

Góður hópur iðkenda sem hefur lagt sig mikið fram við æfingar og keppni að undanförnu. Þeim var boðið að taka þátt á þremur af samæfingunum með landsliðinu. Mikill hugur var í hópnum og stefna margra úr hópnum var að ná að vinna sér inn landsliðssæti.

Hópurinn hefur tekið miklum framförum og heilt yfir hefur hópurinn verið að skila góðum árangri. Það góðum að í lok vetrar var tveim úr hópum boðið sæti í B-landsliðinu á komandi tímabili, þeim Einari Árna Gíslasyni SKA og Ástmari Helga Kristinssyni SFÍ.

Hæfileikamótun

Fjórða ár hæfileikamótunar og sem fyrr var það Þorsteinn Hymer sem sá um það. Fyrsta samæfingin var haldin í Reykjavík í júní og sú síðari á Ísafirði í ágúst, það var á sama tíma og landsliðið var með æfingu þar. Þannig að þá fengu þau að spreyta sig á æfingum með okkar besta fólki. Einnig var farin æfingaferð í byrjun nóvember með tuttugu manna hóp til Sjusjøen í Noregi og var Ólafur Th. Árnason með sem aðstoðarþjálfari og Guðmunda Elíasdóttir sem fararstjóri.

FIS æfingabúðir

Tókum þátt í æfingabúðum á vegum FIS, tvær voru fyrir þjálfara og tvær fyrir iðkendur og þjálfara.
Maí 2024 – fyrir þjálfara Stefán Snær Ragnarsson
September 2024 – María Kristín Ólafsdóttir, Ullur og Ástmar Helgi Kristinsson, SFÍ . Einar Yngvason var með í för sem þjálfari.
Desember 2024 – Vala Kristín Georgsdóttir, Ulli og Hjalti Böðvarsson, Ulli. Óskar Jakobsson var með í för sem þjálfari

Maí 2025 – fyrir þjálfara. Sveinbjörn Orri Heimisson og Veronika Guseva
Þetta starf hefur haldið áfram núna í haust og komast færri að en vilja.

EYOF í Georgíu

SKÍ átti sex keppendur á EYOF í Georgíu

- Árný Helga Birkisdóttir, SKA
- María Kristín Ólafsdóttir, Ulli
- Eyþór Freyr Árnason, SFÍ
- Hjalti Böðvarsson, Ulli
- Róbert Bragi Vestman Kárason, SKA
- Stefán Þór Birgisson, SKA

Þjálfarar og smurningsmenn voru þeir Þorsteinn Hymer og Ólafur Th. Árnason. Keppnin fór fram í mikilli hæð sem hafði töluverð áhrif og okkar keppendur, enda þau alveg óreynd í keppni í þessari hæð. Engu að síður var árangur þeirra með ágætum þó svo að þau hafi ekki öll náð topp göngum, enda aðstæður ólíkar því sem þau eiga að venjast eða hafa æft fyrir. Þetta var langt og kostnaðarsamt ferðalag fyrir okkar fólk. SGN leggur mikið uppúr því að í framtíðinni verði betur tekið á skipulaginu í kringum svona ferðalög til þess að halda kostnaði í lágmarki.

HM unglinga á Ítalíu

SKÍ átti þrjá keppendur á HM unglinga á Ítalíu

- Fróði Hymer, Ulli
- Ástmar Helgi Kristinsson, SFÍ
- Grétar Smári Samúelsson, SFÍ

Þeir Þorsteinn Hymer og Guðmundur Rafn Kristjánsson voru með í för sem smurningsmenn. Það kom bersýnilega í ljós að það var mikil þörf fyrir fararstjóra í þessari ferð. Eitthvað sem þarf að hafa í huga fyrir næstu ferðir á stórmót.
Allir stóðu sig með mikilli prýði en árangur Fróða Hymer í 10 km göngu með frjálri aðferð stóð þó uppúr þegar hann endaði í 26. sæti og í 32. sæti í 20 km göngu með hefðbundinni aðferð. Árangur hans er einn besti árangur sem íslenskir keppendur hafa náð á þessu móti. ¨

HM í Þrándheim

SKÍ átti fimm keppendur á HM í Þrándheimi

- Dagur Benediktsson, SFÍ,
- Fróði Hymer, Ulli,
- Einar Árni Gíslason, SKA
- Ástmar Helgi Kristinsson, SFÍ
- Kristrúnu Guðnadóttir, Ulli

Þeir Einar Árni og Ástmar tóku þátt í undankeppni fyrir HM þar sem Ástmar náði góðum árangri og náði 6. sæti sem tryggði honum þátttökurétt í aðalkeppninni. Einar Árni var ekki nema 4 sek. frá því að tryggja sér sæti í aðalkeppninni.

Besta árangri náði Dagur Benediktsson þegar hann náði 53. sæti í 50 km göngu með frjálsri aðferð og 53. sæti í 10 km göngu með hefðbundinni aðferð. Eins náðu hann og Ástmar Helgi Kristinsson 22. sæti í liðasprett.

Árangur Dags, Einars og Ástmars var með því besta sem þeir hafa náð á ferlinum sem er ekki sjálfsagt á stóra sviðinu.

Kristrún sem hefur átti við meiðsli að stríða allt tímabilið náði ekki að sýna sitt rétta andlit en þátttaka hennar tryggir okkur sæti fyrir eina konu á Ólympíuleikunum á Ítalíu í vetur.

Með þeim voru þeir Vegard Karlstrøm landsliðsþjálfari, Esben Tøllefsen smurningsmaður, Erlend Skippervik sjúkraþjálfari ásamt þeim Snorra Einarssyni og Einari Ólafssyni.

Íslandsgöngur

Líkt og með bikarmótin hafði snjóleysi áhrif á mótahald og var hætt við tvær Íslandsgönur, Fjarðargönguna og Fjallagönguna.

Bikarmót og SMÍ

Mótahald vetrarins gekk ekki alveg snuðrulaust en flest bikarmót vetrarins voru haldin á Ísafirði. Almennt snjóleysi gerði mótahald frekar erfitt allan síðasta vetur. Skíðamót Íslands var haldið á Akureyri og gekk mjög vel.

Fræðslumál

Engin námskeið voru haldin á Íslandi á síðasta tímabili en farið var á FIS kampa eins og kom fram hér að ofan.

Samantekt

Frábært ár að baki þó svo snjóalög og aðstæður hér heima hefðu mátt vera betri á vissum stöðum. Afreksfólkið okkar sýndi gríðarlegar framfarir og juku æfingamagnið umtalsvert. Aldrei áður verið eins jafnt í landsliðinu og nú sem hvetur þau öll áfram. Fullt af ungu og efnilegu fólki sem mun fljótlega banka á landsliðsdyrnar. Mjög mikil ánægja áfram með Vegard landsliðsþjálfara sem og þá Þorsteins Hymer og Ólaf Th Árnason sem sjá um Hæfileikamótunina. Mjög mikil og góð samvinna við afreksstjórann sem er burðarásinn í öllu okkar starfi. Án hennar Brynju værum við ekki neitt.

Einar Ólafsson, formaður Skíðagöngunefnd og starfshóps um Skíðaskotfimi.

Snjóbretti

Hæfileikamótun

Verkefni hæfileikamótunar voru mörg á vegum SKÍ og aðildarfélaga. Fyrsta verkefnið var æfingar/þrekhelgi hjá BFH. Verkefni númer tvö var æfingarferð til á jökull í Austurríki. Þriðja verkefni var æfingar helgi á Dalvík. Mikil fjöldi iðkenda af öllu landinu tók þátt í öllum þessum verkefnum og var met skráning. Jökull Elí og afreksstjóri sáum um skiplagningu ásamt þeim félögum sem héldu utan um þessi verkefni. Mikil uppgangur er í hæfileikamótun hjá snjóbrettum.

Skipun nefndar

- Aðalsteinn Valdimarsson formaður
- Linda Björk Sumarliðadóttir meðstjórnandi
- Margrét M. Róbertsdóttir meðstjórnandi
- Grímur Runarsson

Nefndin starfar samkvæmt starfsáætlun og fundar reglulega samkvæmt henni. Nefndin fundar reglulega með afrekstjóra, Brynju Þorsteinsdóttir, en einnig funda nefndarmenn án afrekstjóra þess á milli. Helstu verkefni nefndarinnar hafa verið fjárhagsáætlunargerð komandi starfsárs og val á landsliðum Íslands í snjóbrettum, grasrótarstarf og bæta fagmennsku innan snjóbretta-og freestyle hjá SKÍ.

Innlend mót

Á dagskrá 2024 voru sex Fis mót (þrjú risastökk og þrjú brettafimi) og tókst að halda öll mót ársins sem er mikil bæting frá seinustu árum það sem erfiðlega hefur gengið að halda mót. Skíðafélag Akureyrar hélt mót tvær helgar í vetur og þökkum við þeim innilega fyrir þau verkefni sérstaklega fyrir glæsilegt snjóbrettamót íslands þrátt fyrir erfiðar aðstæður í Hlíðarfjalli. Einnig hélt BFH mót í Bláfjöllum en vegna aðstæðna var ákveðið að breyta mótinu í Rails sem er ný keppnisgrein hjá FIS og hentar hún íslenskum aðstæðum. Mótið mjög vel og voru aðstæður með besta móti.

Landsliðsmál

Miklar breytingar hafa verið í gangi og verða áfram, í fagmennsku í kringum landsliðsfólk á snjóbrettum. Breytingar á samningum við landsliðsfólk, settar eru kröfur um fjölda daga á snjó, þrekpróf, æfingabækur og áætlun fyrir tímabilið.

A-LANDSLIÐ

- Anna Kamilla Hlynsdóttir - Brettafélag Hafnarfjarðar
- Arnór Dagur Þóroddsson - Brettafélag Hafnarfjarðar
- Vildís Edwinsdóttir - Brettafélag Hafnarfjarðar

A-LANDSLIÐ SKÍÐAFIMI

- Jónar Sebastían Giljan Grímsson - KR

Anna Kamilla fylgdi prógrammi frá NTG og fór með þeim á mót í Noregi og annarstaðar í Evrópu. Vildís er búsett í Are í Svíþjóð og fylgir þar prógrammi frá sínum þjálfara, einnig hefur hún tekið þátt í æfingarverkefnum með Sænska landsliðinu og fer á mót í Svíþjóð og annarstaðar í Evrópu. Arnór fylgir prógrammi frá WAY (why aint you) staðsett í Zillertal og tekur þátt í mótum í Evrópu. A landsliðsfólk keppir á alþjóðlegum mótum yfir keppnistímabilið. Jónar fylgir prógrammi frá sínum þjálfara í Noregi og keppir á mótum þar og á norðurlöndunum. Miklar bætingar á heimslista hafa verið á þessu ári og hafa þau Anna Kamilla og Arnór hafa náð lágmarki til að komast á World Cup mót og eiga þá möguleika að komst inná Ólympíuleika ef þau mót ganga vel.

Landsmót

Haldið var landsmót á Akureyri á vordögum, mótið gekk vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður. SKA á mikið hrós fyrir gott mót.

Þjálfaranámskeið

Strax á nýju ári verður þjálfaranámskeið á íslandi fyrir snjóbrettadeildir innan SKÍ

Dómaramál

Á haustdögum 2024 var haldið dómaranámskeið á snjóbrettum á Íslandi. Erfitt er að manna alþjóðlega Fis mót á Íslandi í snjóbrettum vegna fárra dómara með alþjóðleg réttindi. Fjórir

aðilar tók þátt í námskeiðinu og fengu þau öll réttindi til að dæma á mótum hérlendis og erlendis.

Landsliðsfólk

Baldur Vilhelmsson. Í byrjun sumars tilkynnti Baldur Vilhelmsson að hann ætlar að leggja keppnissbrettið á hilluna. Snjóbrettanefnd Skíðasambands Íslands óskar Baldri til hamingju með glæsilegan feril og hlakkar til að fylgjast með honum í öðrum verkefnum tengdum snjóbrettum.

Almennt

Snjóbrettanefnd þakkar fyrir sig. Annað ár þessarar nefndar og ánægja er með samstarfið. Á miðju tímabili kom Grímur Rúnarsson inn í nefndina til að hjálpa okkur við innleiðingu freestyle og annarra verkefna nefndarinnar og hefur mikill kraftur fylgt hans innkomu. Nefndin hefur gert meiri kröfur til landsliðsfólks á komandi ári og sjáum við miklar bætingar hjá landsliðsfólkinu okkar. Núna í vor gerði SKÍ samstarfssaming við nýjan landsliðsþjálfara Justin de Graaf. Nýtt tímabil hefur gengið vel og erum við bjartsýn fyrir komandi tíma. SBN þakkar snjóbrettafélögum, foreldrum, starfsmönnum, skíðasvæðum landsins og iðkendum fyrir gott ár og hlökkum við til komandi tíma.

Aðalsteinn Valdimarsson, formaður Snjóbrettanefndar.

Skíðaskotfimi

Skipun nefndar

- Veronika Gusev – formaður
- Einar Ólafsson
- Erla Björk Jónsdóttir

Nefndin fundar eftir þörfum með eða án afreksstjóra.

Almennt

Síðasta tímabil frá Skíðaþingi 2024 var nokkuð gott og gert var meira en árið áður varðandi æfingar, mót og fleira til að byggja skíðaskotfimina upp á Íslandi.

Æfingar

Reglulegar æfingar voru hjá Skíðafélagi Strandamanna í hverri viku. Þeir héldu líka nokkur innanfélagsmót. Á höfuðborgarsvæðinu voru haldnar reglulega æfingar fullorðinna tvisvar í viku á skíðum og einu sinni í viku skotæfing hjá Skotfélagi Kópavogs. Á Akureyri eru æfingar í skíðaskotfími fyrir 12 ára og yngri haldnar einu sinni í viku. Við erum að reyna að koma á

inniaðstöðu fyrir skotfimi.Því miður tókst ekki að tryggja inniaðstöðu að þessu sinni og við erum nú í biðferli varðandi útvegun æfingasvæðis.

Mót

Tvö bikarmót voru haldin síðasta vetur auk Skíðamóts Íslands í skíðaskotfimi á Ísafirði um páskana. Á mótinu á Hólmavík voru samtals 52 keppendur og er það metþátttaka í skíðaskotfimi á Íslandi. Að auki voru haldin innanfélagsmót og kynningar. Á Andrésar Andar leikunum var skíðaskotfimi sem kynningargrein og verið er að sækja um að hafa hana sem eina af keppnisgreinunum á leikunum. Það mál er í vinnslu. Í lok apríl fór Einar Ólafsson með rúmlega tuttugu manns á Grænlenska Meistaramótið í skíðaskotfimi í Nook á Grænlandi. Ferðin heppnaðist mjög vel í alla staði og var þetta samvinnuverkefni við Grænlenska skíðaskotfimisambandið. Hópurinn fékk fría gistingu og frábærar móttökur.
Í lok maí var svo haldið hlaupaskotmót í Kópavogi sem heppnaðist mjög vel.

Heimsókn frá IBU

Dagmara Gerasimuk sem er yfir þróunarsviði IBU og Tomasz Bernat frá IBU komu til Íslands og heimsóttu m.a. Akureyri, Hólmavík og skoðuðu svæðið í Bláfjöllum. Heimsókn þeirra var liður í að fá fulla aðild að IBU auk þess að fá þau til að hjálpa okkur og kenna okkur að halda mót. Þau voru tvo daga á Hólmavík á sama tíma og Strandagangan var og svo daginn eftir þegar skíðaskotfimimótið var. Það var mikil ánægja með komu þeirra og þeim leist vel á það sem þau sáu.

Námskeið

Við sendum fjóra aðila á samæfingu til Lillehammer í Noregi. Matas Zalneravicius og Þórey Dögg Ragnarsdóttir og þá feðga Stefán Snæ Ragnarsson og Ragnar Bragason. Þau fóru með rifflana út og lentum við í smá veseni við skráningu en lærðum af því og vitum betur hvernig á að gera næst þegar farið er út til Evrópu.

Samantekt

Mjög gott ár að baki hjá Skíðaskotfiminni með mikilli aukningu bæði hjá ungum sem eldri. Góður hópur fullorðinna er að stunda reglulega skotfimi hjá Skotíþróttafélagi Kópavogs. Eins eru Strandamenn með reglulegar æfingar sem og á Akureyri. Þessi íþrótt á mjög mikið inni og miklir möguleikar að auka iðkendafjöldann verulega. Í framtíðinni er stefnt á að senda krakka á mót erlendis og hækka getustigið þannig að við getum verið með landslið eins og í öðrum greinum innan SKÍ.

Veronika Lagun, formaður Skíðaskotfiminefndar